16. gr.

Bráðabirgðasamkomulag Póst- og fjarskiptastofnunar við rekstrarleyfishafa um númeraflutning þegar um er að ræða stofntengingar og a.m.k. 100 innvalsnúmer sem tók gildi 25. nóvember 1999 skal falla úr gildi 15. september 2000 svo og ákvörðun stofnunarinnar um gjald fyrir slíkan númeraflutning dagsett 22. júní 2000.

17. gr.

Póst- og fjarskiptastofnun skal skera úr ágreiningi um númeraflutning.

18. gr.

Reglur þessar eru settar með tilvísun til 33. gr. laga um fjarskipti nr. 107/1999 og 3. gr. laga um Póst- og fjarskiptastofnun nr. 110/1999 og taka gildi við birtingu í Stjórnartíðindum.

Póst- og fjarskiptastofnun, 24. ágúst 2000.

Gústav Arnar.

Ársæll Baldursson.

22. ágúst 2000 Nr. 645

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Suðurnesja fyrir raforku.

RAFORKUGJÖLD.

A. Almennir taxtar.

A.1 Verð á rafmagni til allrar notkunar, sem eigi er sérstaklega talin hér á eftir:

Orkugjald	5,25	(6,54)	kr./kWst
Fast gjald	2.200,00	(2.739,00)	kr./ár

A.4 Verð á rafmagni til notkunar í sumarbústöðum og sumarbúðum. Heimilt er að selja raforku til þessara nota samkvæmt lið A.1 ef hagkvæmara þykir.

Orkugjald	3,94	(4,91)	kr./kWst
Fast gjald	9.327,00	(11.612,00)	kr./ár

B. Afltaxtar.

B.1 Verð á rafmagni til meiri háttar vélanotkunar:

Orkugjald	2,18	(2,71)	kr./kWst
Fast gjald	8.000,00	(9.960,00)	kr./ár

Aflgjaldið greiðist samkvæmt mælingu miðað við 15 mínútna afl, enda sé lágmarksafl 30 kW. Heimilt er að sammæla raforku til órofinnar iðnaðarhitunar með vélanotkuninni. Í vissum tilvikum er einnig heimilt, með sérstöku samþykki hitaveitunnar, að sammæla aðra notkun með vélanotkuninni. Orkugjald miðast við að meðalfasviksstuðull hvers mánaðar hjá kaupanda sé eigi lægri en 0,85. Falli meðalfasviksstuðull niður fyrir þetta gildi skal orkugjald umræddsmánaðar hækka um 2% fyrir hvert hundraðshlutastig eða meirihluta úr stigi sem meðalfasviksstuðull mánaðarins er lægri en 0,85.

B.2 Verð á rafmagni til úti- og götulýsingar, samkvæmt uppsettu afli:

Gjald samtals	30.000,00	(37.350,00)	kr./kW/ár

Auk afl- og viðhaldskostnaðar greiðir notandi stofnkostnað að fullu.

C. Hitun.

C.1	Órofin húshitun	5,25	(6,54)	kr./kWst
C.2	Daghitun, húshitun rofin	3,44	(3,92)	kr./kWst
C.3	Næturhitun, húshitun	1,91	(2,18)	kr./kWst
	Fast gjald C.1	8.600,00	(9.804,00)	kr./ár
	Fast gjald C.2 og C.3	8.267,00	(9.424,00)	kr./ár

D. Rofnir taxtar.

Orkunotkun minni en 200.000 kWst á ári. Orkuafhending rofin allt að 2x2 klst. á dag innan roftímabils:

R.1	Rofið desember - mars.			
	Orkugjald	2,86	(3,56)	kr./kWst
	Fast gjald	7.663,00	(9.540,00)	kr./ár
R.11	Rofið janúar - febrúar.			
	Orkugjald	3,12	(3,88)	kr./kWst
	Fast gjald	7.663,00	(9.540,00)	kr./ár
R.12	Rafhitun. Rofið desember - apríl.			
	Orkugjald	2,86	(3,26)	kr./kWst
	Fast gjald	7.663,00	(8.736,00)	kr./ár

Orkunotkun 200.000 kWst á ári eða meira. Orkuafhending rofin allt að 2x2 klst. á dag innan roftímabils:

R.2	Rofið desember - mars.			
	Orkugjald vetur (apríl-október)	3,58	(4,46)	kr./kWst
	Orkugjald sumar (maí-september)	1,77	(2,20)	kr./kWst
	Fast gjald	7.663,00	(9.540,00)	kr./ár
R.21	Rofið febrúar - mars.			
	Orkugjald vetur (apríl-október)	4,05	(5,04)	kr./kWst
	Orkugjald sumar (maí-september)	1,77	(2,20)	kr./kWst
	Fast gjald	7.663,00	(9.540,00)	kr./ár

Orkunotkun minni en 200.000 kWst á ári. Orkuafhending rofin allt að 12 klst. á dag innan roftímabils:

R.3	Næturnotkun, rof allt árið.			
	Orkugjald	2,95	(3,67)	kr./kWst
	Fast gjald	7.663,00	(9.540,00)	kr./ár

Orkunotkun 200.000 kWst á ári eða meira. Orkuafhending rofin allt að 12 klst. á dag innan roftímabils:

R.4	Næturnotkun, rof allt árið.			
	Orkugjald vetur (apríl-okt.) ...	2,89	(3,60)	kr./kWst
	Orkugjald sumar (maí-sept.) ...	1,49	(1,86)	kr./kWst
	Fast gjald	7.663,00	(9.540,00)	kr./ár

E. Ótryggð orka.

Ót – 1. þrep			
Orkugjald	1,2432	(1,54)	kr./kWst
Fast gjald	146.211,00	(182.033,00)	kr./ár
Ót – 2. þrep			
Orkugjald	1,6104	(2,00)	kr./kWst
Fast gjald	146.211,00	(182.033,00)	kr./ár
Ót – 3. þrep			
Orkugjald	2,3153	(2,89)	kr./kWst
Fast gjald	146.211,00	(182.033,00)	kr./ár

Kaupandi ótryggðs rafmagns skal einnig greiða allan kostnað vegna sérstaks úttaks ef hann þarf það vegna kaupa á ótryggðu rafmagni.

F. Mælileiga.

Hitaveitan ákveður stærð og gerð mæli- og stjórntækja, sem notuð eru við sölu rafmagns.

Fyrirtæki þau, sem notuð eru við rafmagnssölu, skal greiða eftirfarandi:

D.1	Af einfasa mælum	550,00	(627,00/684,75) kr./ár
D.2	Af þrífasa mælum upp að 50 A	2.200,00	(2.508,00/2.739,00) kr./ár
D.3	Af þrífasa mælum 50 A og ofar	3.300,00	(3.762,00/4.108,50) kr./ár
D.4	Af álagsstýringarliðum	3.300,00	(3.762,00/4.108,50) kr./ár
D.5	Af aflmælum	5.500,00	(6.270,00/6.847,50) kr./ár

Mælaleiga reiknast ekki af A.1, A.2, C.1, C.2, og C.3. Ársleiga fyrir önnur tæki, en að framan greinir, skal vera sem næst 15% af innkaupsverði tækisins, eftir nánari ákvörðun hitaveitunnar. Leiga skal greidd samtímis raforkugjaldi.

Heimtaugargjald.

Heimtaugargjald skal greitt fyrir hverja heimtaug er tengir húsveitu við veitukerfi hitaveitunnar.

Heimtaugargjald skal greitt við umsókn.

Heimtaugar greinast í aðalheimtaugar og bráðabirgðaheimtaugar.

Aðalheimtaugar.

Gjöld fyrir aðalheimtaugar eru eftirfarandi:

Málstraumur	Heimtaugargjöld		
63A	1 - fasa	44.500,00	(55.402,50) kr.
63A	3 - fasa	48.800,00	(60.756,00) kr.
100A	3 - fasa	78.400,00	(97.608,00) kr.
200A	3 - fasa	153.800,00	(191.481,00) kr.
300A	3 - fasa	229.000,00	(285.105,00) kr.
400A	3 - fasa	302.000,00	(375.990,00) kr.
600A	3 - fasa	460.000,00	(572.700,00) kr.
900A	3 - fasa	695.000,00	(865.275,00) kr.
1.200A	3 - fasa	934.000,00	(1.162.830,00) kr.

Málstraumur heimtaugar miðast við stærð stofnvara húsveitu.

Málstraumur

63A	1 - fasa	.....	11.000,00	(13.695,00) kr.
63A	3 - fasa	.....	12.500,00	(15.562,50) kr.
100A	3 - fasa	.....	16.500,00	(20.542,50) kr.

Málstraumur heimtaugar miðast við stærð stofnvara húsveitu.

Heimtaugargjald fyrir sumarhús í skipulögðu sumarhúsahverfi er að lágmarki 133.500,00 (166.207,50) kr.

Fyrir einstök sumarhús er heimtaugargjaldið ávallt samkvæmt kostnaði, þó aldrei lægra en ofangreint lágmarksgjald.

Lengd jarðstrengsheimtaugar reiknast í heilum metrum frá næsta útitengiskáp, eða rofa í spennistöð, að stofnvarkassa í húsveitu. Lengdargjald skal greitt fyrir hvern metra umfram 5 metra innan lóðarmarka í jarðstrengsheimtaug og fyrir hvern stólpa innan lóðarmarka í loftlínuheimtaug.

Sé fyrirsjáanlegt vegna fjarlægðar eða annarra aðstæðna, að kostnaður við lagningu heimtaugar verði meira en 50% hærri en gildandi gjaldskrá segir til um, skal greiða þann kostnað, sem umfram 50% er, samkvæmt nánari ákvörðun hitaveitunnar.

Óski eigandi húsveitu eftir því að heimtaug sé lögð þegar frost er í jörðu, skal greiða aukagjald samkvæmt nánari ákvörðun hitaveitunnar.

Sé nauðsynlegt að setja upp spennistöð vegna húsveitu, og hún að mestu leyti notuð í þágu þeirrar húsveitu, skal eiganda veitunnar skylt að leggja til lóð undir stöðina, hitaveitunni að kostnaðarlausu, og skal hann í öllu hlíta skilmálum hennar um stærð lóðar og staðsetningu stöðvar.

Ýmis ákvæði.

1. gr.

Fyrir tengingu ásamt aftengingu vegna skammtímanotkunar, svo og landtengingu skipa, skal greiða gjald 2.600,00 (3.237,00) kr.

2. gr.

Sé heimild notuð til að rjúfa straum af veitu vegna vanskila notanda á greiðslu gjalda samkvæmt gjaldskrá þessari, skal hann greiða 2.200,00 (2.739,00) kr. gjald fyrir að settur sé straumur á að nýju.

3. gr.

Sala rafmagns til hitunar samkvæmt C-liðum er bundin því skilyrði, að orkuver og veitukerfi þoli álagið að dómi hitaveitunnar.

4. gr.

Virðisaukaskattur, 24,5%, bætist við öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari, nema á húshitun þar sem virðisaukaskatturinn er 14%. Gjöld að viðbættum virðisaukaskatti eru sýnd í sviga.

5. gr.

Hitaveitan leiðbeinir notendum, er þess óska, um val gjaldskrárliða eftir tegund notkunar.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af stjórn Hitaveitu Suðurnesja og sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 3. júlí 2000, sbr. auglýsingu nr. 483, 3. júlí 2000, og birtist

til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 552, 28. desember 1993, með áorðnum breytingum.

Iðnaðarráðuneytinu, 22. ágúst 2000.

F. h. r.
Þorgeir Örlygsson.

Guðjón Axel Guðjónsson.

22. ágúst 2000 Nr. 646

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Suðurnesja fyrir heitt vatn.

I. KAFLI

1. gr.

Hitaveitan selur afnot af heitu vatni úr veitukerfum þeim, sem gerð hafa verið og verða gerð, eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessari.

2. gr.

Hitaveitan lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar, í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til fullrar hitunar, enda séu ofnar hússins nægilega stórir, að dómi hitaveitunnar.

Verður vatnsrennsli að húsinu takmarkað um hemil, eftir því sem þörf krefur.

II. KAFLI

3. gr.

Fyrir afnot heita vatnsins skal húseigandi greiða samkvæmt magnhemli:

fyrir hvern mínútulítra á ári	19.200,00	(21.888,00) kr.
fyrir hvern mínútulítra á dag	52,60	(59,96) kr.

Þar til hemill hefur verið settur upp eða ef hemill bilar, áætlar hitaveitan vatnsnotkunina með hliðsjón af hitaþörf hússins.

Verði um sölu á heitu vatni að ræða í öðru formi en að framan greinir, skal verðið ákveðið hlutfallslega, skv. mæli pr. tonn:

Til húshitunar	55,50	(63,27) kr. pr. tonn
Til annarra nota	55,50	(69,10) kr. pr. tonn
Til iðnaðar, sem verulegur hluti framleiðslukostnaðar	30,50	(37,97) kr. pr. tonn

4. gr.

Hitaveitan leigir vatnsmæla og hemla og annast viðhald þeirra. Leigan fyrir mæli eða hemil skal greidd jafnhliða gjaldi fyrir vatnsnotkun og skal vera fyrir hvern mæli eða hemil á mánuði:

a) Fyrir mæla eða hemla allt að 3/4″	290,00	(330,60/361,05) kr.
kr. pr. dag	9,53	(10,86/11,86) kr.
b) Fyrir mæla eða hemla 1″ - 2″	575,00	(655,50/715,88) kr.
kr. pr. dag	18,90	(21,55/23,53) kr.
c) Fyrir mæla eða hemla 3″ og stærri	1.150,00	(1.311,00/1.431,75) kr.
kr. pr. dag	37,81	(43,10/47,07) kr.